

júlí 2013

Niðurstaða athugunar á tenginum stórra áhættuskuldbindinga hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á tengingum stórra áhættuskuldbindinga Arion banka hf. með heimsókn og gagnaöflun hinn 23. janúar 2013 á grundvelli XIII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent bankanum hinn 30. apríl 2013 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar, dags. 21. júní 2013, var tekið tillit til athugasemda bankans eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn bankans að hún fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram koma í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda skal send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. september 2013.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála hinn 30. september 2012. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.

Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

Stórar áhættuskuldbindingar

Athugun Fjármálaeftirlitsins fólst í því að kanna hvernig Arion banki hf. tengdi saman stórar áhættuskuldbindingar, hvort tengingar bankans væru í samræmi við lög, reglur og tilmæli og hvort til staðar væru traustar verklagsreglur sem bankinn fylgir. Stór áhættuskuldbinding telst

vera 10% eða hærri af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Eiginfjárgrunnur Arion banka hf. nam 152 ma.kr. hinn 30. september 2012 og stór áhættuskuldbinding miðaðist því við 15,2 ma.kr.

Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitins eru að Arion banki hf. fylgdi almennt þeim lögum, reglum og tilmælum sem gilda um stórar áhættuskuldbindingar.

Upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við upplýsingagjöf bankans en misræmi var annars vegar í reglulegri skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins í skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar og hins vegar í upplýsingum sem óskað var sérstaklega vegna athugunarinnar. Þótt misræmið hafi ekki verið stórvægilegt gerir Fjármálaeftirlitið þá kröfu að gögn séu ætíð samanburðarhæf.